

STUNDATÖFLUR – KENNSLUSTUNDIR

Stundatöflur eru unnar á grundvelli námsvals hvers nemenda. Stundatöflur nýnema eru þó byggðar á ákvörðun skólans um það hvað er eðlilegt nám á mismunandi brautum. Það er mikilvægt að vel sé vandað til námsvalsins þannig að nemendur fái strax inn í töflur sínar þær námsgreinar sem þeir þurfa. Stundatöflum er ekki breytt nema fyrir því séu mjög góðar ástæður.

Venjulegur skóladagur hefst kl. 8:15 og kennslu bóklegra áfanga lýkur kl. 16:10. Nemendur í list- og verknámi geta reiknað með því að þurfa að vera lengur í skólanum einhverja dagavikunnar. Lengd hvernar kennslustundar er 40 mín. en oftast eru tvær kennslustundir í röð í sama áfanga í bóklegu en fleiri í verklegum áföngum. Á föstudögum lýkur kennslu kl. 12.50/13.10.